



## REGLUR UM ÚTHLUTUN OG UMGENGNI Á SLÆGJUSTYKKJUM

### 1.gr.

#### *Almennt*

Þessar reglur eru samdar til að framfylgja 5. grein samþykktar um búfjárhald á Akranesi. Slægjustykkjum er úthlutað til fimm ára.

### 2. gr.

#### *Úthlutun slægjustykkja*

Þeir einir sem tilgreindir eru á forðagæsluskyrslu og hafa lögheimili á Akranesi geta fengið úthlutað slægjustykkjum.

Ef umsækjendur eru fleiri en fjöldi slægjustykkja, skal dregið úr umsóknum. Við úthlutun skal garðyrkjustjóri sjá til þess að þeir aðilar sem haft hafa slægjustykki til afnota og greitt fyrir það reglum samkvæmt, njóti forgangs við úthlutun þeirra stykkja.

Miða skal við að hver umsækjandi fái aðeins eitt stykki til afnota.

### 3. gr.

#### *Uppsögn á slægjustykki*

Ef Akraneskaupstaður þarf að ráðstafa slægjustykkjum til annarra nota skal leigutaka greint frá því með þriggja mánaða fyrirvara. Ef leigutaki slægjustykis hættir að nýta það á tímabilinu skal garðyrkjustjóra tilkynnt um það með þriggja mánaða fyrirvara, svo hægt sé að ráðstafa landinu til annars aðila fram að næstu úthlutun.

### 4. gr.

#### *Umgengni og viðhald á slægjustykkjum*

Slægjustykki er afhent í því ástandi sem það er í við úthlutun. Leigutaki er ábyrgur fyrir því að girða landið af, allri jarðvinnslu lands og uppgreftri á skurðum. Leigjendur útvega sjálfir verkfæri, áburð og annað sem þarf til ræktunar. Slægjustykki eru einungis ætluð til ræktunar og er leigutaka með öllu óheimilt að nýta þau til geymslu fyrir eigur sínar né annarra. Aðeins má geyma vélar og verkfæri sem eru í notkun við slátt og vinnslu á stykkjunum. Þeim skal haganlega komið fyrir inni á stykkinu, en ekki fyrir utan. Í lok leigutíma skal leigutaki fjarlægja girðingu sína nema um annað semjist.

Heimilt er að beita sauðfé á stykkin að vori og hausti, 2-3 vikur í senn.

Við úthlutun slægjustykkja er stuðst við að hámarksfjöldi sauðfjár sé 20ær á hektara.

Óheimilt er að beita hrossum á slægjustykki.

5. gr.

*Gjaldtaka*

Leigutakar slægjustykkja skulu greiða Akraneskaupstað árlegt gjald sem nemur kr. 15.000,- fyrir hvern hektara sem þeir hafa til afnota. Gjaldið tekur hækjunum í janúar ár hvert í samræmi við almennar gjaldskrárhækkanir hjá Akraneskaupstað.

6. gr.

*Brot á reglum*

Ef leigutaki slægjustykkis brýtur gegn reglum þessum verður honum send áminning bréfleiðis og veittur eins mánaðar frestur til að bregðast við þeim atriðum sem er grundvöllur áminningarinnar. Verði ekki brugðist við áminningu fellur leiguréttur niður og leigutaki missir rétt til leigu slægustykis hjá Akraneskaupstað til næstu þriggja ára.

Samþykkt á fundi skipulags- og umhverfisráðs þann 6. febrúar 2023.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar Akraness 14. febrúar 2023

